



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26050009

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf.

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf. vegna lóða og svæða á sextán lóðum og svæðum í Reykjavík fyrir allt að 321 íbúð. Viljayfirlýsingin er í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum.

Samhliða er veitt lóðarvilyrði fyrir allt að 24 íbúðum á tveimur lóðum að Nauthólsvegi 85–89, með áætlaðri úthlutun árið 2026. Samtals nær viljayfirlýsingin til allt að 345 íbúða á tímabilinu 2026–2032.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf.

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur, og Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík, með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar- eða leiguíbúðir á vegum Félagsbústaða á tímabilinu 2026-2032 á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Leirtjörn vestur
 - b. Gufunes II
 - c. Ártún Vogur
 - d. Krossmýrartorg
 - e. Þjórsárgata
 - f. Úlfarsárdalur
 - g. Kleppsvegur/Norðurbrún
 - h. Kjalarnes
 - i. Blikastaðavegur/Rala land
 - j. Keldur
2. Félagsbústaðir lýsa yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
3. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða fyrir alla félagshópa.
4. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatnagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
5. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið, er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Reykjavík, 7. maí 2026

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Félagsbústaða hf.